



Krabbamein á Íslandi

Nýjar tölur og spá - ágúst 2025

Krabbameinsfélagið hefur nú birt tölur úr Krabbameinsskrá Íslands fyrir árið 2024 og nýja spá sem nær til ársins 2045.

Afram er spáð mikilli fjölgun krabbameinstilfella auk þess sem einstaklingum sem greinst hafa með krabbamein, og eru á lífi, fjölga verulega.



Krabbameinsfélagið

Um þriðjungur Íslendinga greinist með krabbamein á lífsleiðinni og er meðalaldur við greiningu 66 ár. Rúmlega helmingur tilfella greinist eftir 65 ára aldur.


Á tímabilinu 2020-2024 greindust árlega að meðaltali 2.055 einstaklingar með krabbamein hér á landi, eða um 500 fleiri árlega en fyrir 10 árum og rúmlega fimmfalt fleiri en þegar skráning hófst í Krabbameinsskrá Íslands fyrir 70 árum.

Ýmsar skýringar liggja þar að baki, meðal annars aukinn mannfjöldi, aukin krabbameinsáætta, skimanir, bætt greiningatækni en fyrst og síðast hækkandi meðalaldur þjóðar.


> Sjá heimild.



Algengustu krabbameinum raðað eftir árlegum meðalfjölda tilfella 2020-2024



Árlegur meðalfjöldi dauðsfalla eftir tegundum krabbameina 2020-2024



Spár félagsins benda til að krabba-meinstilvikum fjölgi um

63%

frá árinu 2024 til ársins 2045


Árið 2045 munu árlega greinast um

3.500

einstaklingar í stað 2.000 nú

Tölur úr krabbameinsskrá til ársins 2024


Nýgengi (aldursstaðlað, N) 1960-2024



Fjöldi nýgreindra tilfella miðað við 100.000 íbúa (hlaupandi fimm ára meðaltöl), aldursstaðlað með Norræna staðlinum (Nordic Standard Population) (e. incidence).

Nýgengi krabbameina fer hækkandi hjá báðum kynjum. Þetta er í takt við breytingar á áhættuþáttum og greiningatækni

Dánartíðni (aldursstaðlað, N) 1960-2024




Fjöldi dauðsfalla miðað við 100.000 íbúa (hlaupandi fimm ára meðaltöl), aldursstaðlað með Norræna staðlinum (Nordic Standard Population) (e. mortality).

Yfir fjórðungur dánarmeina á Íslandi er af völdum krabbameina (26%). Dánartíðni beggja kynja hefur haldist stöðug frá því skráning hófst en virðist vera á hægri niðurléið.

Fimm ára hlutfallsleg lifun

Eftirfylgd út árið 2024




Fimm ára hlutfallsleg lifun (e. relative survival).

Fimm ára lífshorfur hafa meira en tvöfaldast frá 1960. Lækkandi dánartíðni og batnandi horfur endurspeglar m.a. framfarir í meðferð og greiningu.



Spá til ársins 2045


Spá um árlegan fjölda tilfella til ársins 2045



Fjöldi nýgreindra krabbameinstífla (hlaupandi fimm ára meðaltöl) hjá körlum og konum á Íslandi fram til 2024 og spá um fjölda tilfella árið 2045 (öll mein) miðað við óbreytt nýgengi frá árabílinu 2020-2024.

Þessi mikla fjölgun krabbameinstífla á Íslandi er hlutfallslega mun meiri en á öllum hinum Norðurlöndunum og í löndum Evrópu-sambandsins. Skýrist það fyrst og fremst af aldurssamsetningu íslensku þjóðarinnar og því hversu fjölmenn eftirstríðsára kynslóðin er hér á landi.

Spá um fjölda á lífi í árslok 2045




Fjöldi lifenda*, öll mein, bæði kyn saman á Íslandi. *Allir sem hafa greinst með krabbamein og eru á lífi (læknaðir eða lifa með sjúkdómnum) í lok árs.

Samhliða fjölgun nýrra tilfella er einnig spáð fjölgun í hópi lifenda, þ.e. þeirra sem eru á lífi eftir að hafa greinst með krabbamein hvort sem að meinið telst læknað eða ekki.

Notaðar voru þrjár ólíkar forsendur til að spá fyrir fjölda þeirra sem eru á lífi eftir krabbameinsgreiningu á Íslandi árið 2045. Samkvæmt miðspá verða lifendur tæplega 38 þúsund lifendur árið 2045 (um 96% aukning).

[> Sjá heimild.](#)





Bættum horfum fylgja nýjar þarfir

Margir lifenda lifa með langvinn og síðbúin áhrif í kjölfar krabbameins og meðferðar við því. Mikil fjölgun þeirra kallar á að byggð verði upp frekari þjónusta sem fram til þessa hefur verið takmörkuð.

Krabbameinsfélagið veitir nú þegar fjölbreytta þjónustu og stuðning við þá sem greinast með krabbamein í og eftir meðferð og er nú að auka þjónustu sérstaklega við þá sem glíma við langvinnar afleiðingar krabbameina í samstarfi við Landspítala.

Á vegum félagsins stendur einnig yfir viðamikil rannsókn á lífsgæðum eftir greiningu krabbameins í samstarfi við Háskóla Íslands og Landspítala. Niðurstöður hennar munu varða leiðina í átt að sem bestu lífsgæðum fólks með og eftir krabbamein.

Frekari aðgerða er þörf

Tryggja þarf að heilbrigðisþjónustan geti veitt fullnægjandi þjónustu í samræmi við yfirstandandi og fyrirsjáanlega fjölgun nýrra krabbameinstilvika og lifenda.

Margt þarf að koma til og margir þurfa að leggjast á árarar, stjórnvöld, heilbrigðis- og menntastofnanir og samfélagið allt.

Fjöldi heilbrigðisstarfsmanna með sérþekkingu á meðferð krabbameina þarf að vera tryggður og aðgengi að lyfjum og öðrum meðferðarúrræðum eins og best gerist með nauðsynlegum tækjabúnaði og húsnæði til að veita þjónustu.

Að auki þarf að þróa ný þjónustuúrræði eins og fjarheilbrigðisþjónustu og heimaspítala og efla þarf enn frekar samstarf þvert á heilbrigðisstofnanir og þjónustustig. Samhliða þessu þarf að tryggja og fylgjast með gæðum og öryggi og gæta þess að biðtímar eftir þjónustu lengist ekki.

Markvissar forvarnaraðgerðir og efling lýðheilsu geta dregið úr líkum á því að þessi spá raungerist að fullu.



Krabbameinsfélagið rekur Krabbameinsskrá Íslands fyrir hönd embættis landlæknis og gagnagrunn um gæði greininga og meðferða í samstarfi við Landspítala og Sjúkrahúsið á Akureyri (gæðaskrá).

[> Sjá heimild.](#)

Gögn úr skránum leggja grunn að stórum hluta þeirra krabbameinsrannsókna sem unnar hafa verið á Íslandi á undanförunum árum. Krabbameinsskrá hefur nú birt tölur ársins 2024 á vef sínum en þar má finna tölur yfir fjölda tilfella, fjölda látinna, meðalaldur, fjölda á lífi, ásamt nýgengi, dánartíðni og lífun. Auk þess eru ítarlegri upplýsingar um 23 mein aðgengilegar úr gæðaskrá.



Nánari upplýsingar
um Krabbameinsskrá



Krabbameinsfélagið

5